

Inngangur

Kæri hollvinur. Þann 14. ágúst s.l. varð Stefán Sigurðsson, einn af stofnendum hollvinasamtakanna bráðkvaddur. Stefán var í stjórn samtakanna frá stofnun og til dauðadags. Hann vann frábært starf fyrir samtökin, var gjaldkeri og ávalt reiðubúinn til allra starfa sem til féllu. Fjölskyldu Stefáns eru færðar innilegustu samúðarkveðjur.

Starfsemin

Í dag eru 377 einstaklingar félagar í hollvinasamtökunum. Árgjaldið er kr. 5.000 og hefur verið óbreytt frá upphafi. Árgjaldið er eini fasti tekjustofn samtakanna og því mikilvægt að við reynum að fjölga hollvinum eins og við mögulega getum og skorar stjórnin á hollvini að fá vini og vandamenn til að ganga til liðs við okkur.

Í nóvember á síðasta ári stóðu hollvinasamtökin fyrir styrktartónleikum í Grafarvogskirkju. Húsfyllir var og tókust þeir í alla staði vel. Fjöldi frábærra listamanna gáfu vinnu sína, sem er ómetanlegt. Ágóðinn af tónleikunum var um 2 milljónir króna. Öllum sem komu að framkvæmd tónleikanna eru færðar bestu þakkir og sérstakar þakkir fær varaformaður samtakanna Sigrún Hjálmtýsdóttur (Diddú).

Stjórnin er að skoða næstu fjáröflunarverkefni og er ýmislegt til skoðunar, t.d. er ráðgert að halda þorrablót í febrúar n.k.

Félagsgjöld

Félagsgjald er kr. 5.000. Greiðsluseðlar hafa verið sendir út, þeir örfáu sem enn eiga eftir að greiða, eru beðnir um að greiða þá sem allra fyrst.



Fjárhagur samtakanna

Samtökunum hafa borist miklar og góðar gjafir frá einstaklingum, félagasamtökum, og fyrirtækjum og er þeim færðar bestu þakkir.

Innistæða á bankareikningum er nú 4,7 milljónir króna.

Gjafir til Reykjalundar frá stofnun samtakanna

Samtökin hafa fært Reykjalundi nýjan og fullkomin HP-tölvubúnað til endurnýjunar á öllum tölvum stofnunarinnar en hann var orðin mjög gamall og úr sér genginn. Sömuleiðis svefnrannsóknartæki og ýmislegt fleira. Alls eru gjafirnar að verðmæti 30.500.000. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um næstu verkefni en af nógu er að taka. Ýmiskonar tæki og búnaður þarfnast endurnýjunar og mikilvægt er að Reykjalundur sé búinn bestu tækjum og búnaði sem völ er á hverju sinni.

Aðalfundur

Aðalfundur Hollvinasamtaka Reykjalundar verður haldinn á Reykjalundi laugardaginn 28. janúar 2017 og hefst klukkan 14.